

# 240 Bílaábyrgð

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

#### 1. Almennt.

1.1 Vátrygging þessi gildir bæði fyrir ný og notuð ökutæki sem samþykkt hafa verið í tryggingu af TM tryggingum hf., hér eftir nefnt félagið. Ábyrgð félagsins nær til viðgerðarkostnaðar sem rekja má til galla í framleiðslu og við samsetningu ökutækisins vegna íhluta sem taldir eru upp í 14. gr. (grein) í skilmálum þessum.

#### 2. Gildissvið vátryggingarinnar.

2.1 Félagið greiðir kostnað við viðgerð vátryggðs ökutækis af völdum þess að íhlutur bílar eða skemmist vegna galla í framleiðslu eða við upphaflega samsetningu hans. Bilunin verður að eiga sér stað á vátryggingartímanum, sem fram kemur á vátryggingarskírteini og á meðan ökutækið er á Íslandi. Félagið greiðir ekki fyrir íhluti sem voru í ólagi áður en vátrygging þessi tók gildi. Vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni er að hámarki sú fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini

2.2 Félagið greiðir kostnað við flutning vátryggðs ökutækis á næsta verkstæði þegar vátryggður íhlutur bílar. Hámarkskostnaðar er tilgreindur á vátryggingarskírteini.

#### 3. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

3.1 Ekki er greitt fyrir viðgerð á íhlut eða ef skipt er um íhlut sem er undanþeginn, sbr. (samanber) gr. 3.4, eða fyrir íhluti sem ekki eru í íhlutaskránni skv. (samkvæmt) 14. gr.

3.2 Vátryggingin tekur ekki til ökutækja sem að jafnaði eru notuð til hvers konar kappaksturs eða íþróttakeppni, til leigu, í skammtímaleigu án ökumanns, sem leigubifreið eða við útkeyrslu á vörum.

3.3 Vátryggingin tekur ekki til kostnaðar við leit, skoðun eða sundurtekt vegna bilana sem ekki bætast úr vátryggingunni. Félagið greiðir aðeins fyrir leit, skoðun eða sundurtekt vegna bótaskyldra tjónsatvika.

3.4 Vátryggingin bætir ekki tjón eða kostnað sem tengist eða hlýst af eftirfarandi:

- a. notkun rangrar tegundar eldsneytis, rangrar spennu við hleðslu rafgeyma,
- b. notkun ökutækisins í hvers konar akstursíþróttum, kappakstri eða rallakstri,
- c. umferðarslysi, árekstri, áakstri, þjófnaði eða tilraun til þjófnaðar,
- d. skiptum á íhlutum sem ekki hafa bilað,
- e. viðgerð eða skiptum á íhlutum til að ökutækið standist opinbera bifreiðaskoðun,
- f. viðgerð sem ekki stafar af bótaskyldu tjónsatviki,
- g. viðgerð eða skiptum á íhlutum sem önnur ábyrgð eða vátrygging tekur til,
- h. afleiddu tjóni, galla í hönnun eða galla þar sem framleiðandi hefur innkallað íhluti,
- i. ytri olíuleikum öðrum en þeim olíuleikum sem eru sérstaklega vátryggðir, sbr. gr. 14.9,
- j. skemmd eða hreinsun á vátryggðum íhlutum vegna frosts, vökva sem frýs, tæringar eða fastra íhluta,
- k. endurtekinni viðgerð sem nauðsynleg er vegna ófullnægjandi eða ófullkominna vinnubragða eða bilaðra íhluta,
- l. reglubundnum stillingum og þjónustuþáttum, þar með talið kveikjulok, kveikjuhamar, þéttir, plátínur, háspennuleiðslur, kerti, þurrkublöð, síuhlutar, þerur, reimar, frostlögur, vökvar, smurning, eldsneyti eða olíur, hemlaskór, -skálar, -diskar og -klossar,
- m. brunnum eða útslitnum kúplingsíhlutum og uppsöfnuðu sóti (þar með taldir brenndir eða sótaðir ventlar og hreinsun sóts),
- n. bilun, skemmd eða afleiddum skaða vegna villu, veiru, yfirsjónar eða galla í öllum hugbúnaði eða kerfishugbúnaði,
- o. aðlögunum, viðgerðum, breytingum eða umskiptingum sem eru nauðsynlegar vegna þess að stýrikerfi ökutækisins nemur ekki dagsetningarbreytingu,
- p. líkamstjóni eða skemmdum á munum eða öðrum íhlutum hins vátryggða ökutækis, eða öðrum skaða sem verður beint eða óbeint vegna bilunar,
- q. skemmd á hvers konar munum sem jónandi geislun eða geislavirk mengun frá hvers konar kjarnorkueldsneyti eða kjarnorkuúrgangur af brennslu hvers konar kjarnorkueldsneytis hefur valdið eða stuðlað að,
- r. rafhlöðum rafmagnsbifreiða, þar með talið rafhlöðunum sjálfum.

# 240 Bílaábyrgð

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 4. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

4.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

### 5. Varúðarreglur.

5.1 Ökutækið skal notað rétt og í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar í notendahandbók frá framleiðanda ökutækisins.

5.2 Hinu váttryggða ökutæki skal haldið við og það fært til reglubundins eftirlits hjá viðurkenndu bifreiðaverkstæði eða öðrum viðurkenndum viðgerðaraðila samkvæmt fyrirmælum í þjónustuhandbók framleiðanda og skal handbókin eða önnur sambærileg þjónustuhandbók fyllt út varðandi það eftirlit og viðhald sem framkvæmt er hverju sinni.

5.3 Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

### 6. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

6.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna það félaginu skriflega.

6.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættta er á að tjón beri að höndum skal váttryggður reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.

6.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður viðgerð hefst eða biluðum eða gölluðum hlutum er ráðstafað. Félagið hefur heimild til að kalla til sérfróðan aðila til að skoða ökutækið áður en viðgerð hefst og áður en það tekur afstöðu til bótaskyldu.

6.4 Er váttryggður krefst bóta skal hann leggja fram gögn um reglubundið eftirlit og viðhald ökutækisins, sbr. gr. 5.2.

6.5 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. til 4. mgr. (málgrein) getur valdið skerðingu eða missi bótaréttar samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga.

6.6 Félagið leysist úr ábyrgð ef váttryggður tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik sem krafan er reist á.

### 7. Svik og rangar upplýsingar.

7.1 Hafi váttryggingartaki, eða eigandi eða umráðamaður sé hann annar en váttryggingartaki, við gerð váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingarburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

7.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

### 8. Endurgreiðsla iðgjalds.

8.1 Félagið endurgreiðir ekki hluta iðgjaldsins ef það hefur samþykkt kröfu samkvæmt váttryggingunni eða ef ökutækið er selt.

8.2 Ef ökutækið er afskráð vegna umferðaróhapps eða því er stolið og ekki endurheimt innan þriggja mánaða, mun félagið endurgreiða váttrygginguna hlutfallslega, svo fremi að félagið hafi ekki samþykkt kröfu samkvæmt tryggingunni.

### 9. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta.

9.1 Váttryggingarfjárhæð er tiltekin í váttryggingarskírteini. Váttryggingarfjárhæð er samtala þeirra bóta sem félagið skuldbindur sig til að greiða samkvæmt váttryggingarskírteininu, hvort sem tjónskrafa er ein eða fleiri.

9.2 Eigin áhætta í hverju tjóni er tiltekin í váttryggingarskírteini.



# 240 Bílaábyrgð

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 10. Upphaf váttryggingar og gildistími.

- 10.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar félagið samþykkir beiðni þar að lútandi og iðgjald hefur verið greitt. Ef um notað ökutæki er að ræða skal jafnframt liggja fyrir ástandsskoðun af hálfu félagsins.
- 10.2 Váttryggingin gildir til þess dags er hún rennur út samkvæmt því sem greinir í váttryggingarskírteini. Þó fellur váttryggingin sjálfkrafa niður þegar ökutækinu hefur verið ekið 120.000 km (kílómetrar), jafnvel þótt það gerist áður en váttryggingin á að renna út skv. fyrri málslið.
- 10.3 Váttryggingin verður ekki endurnýjuð eftir að hún hefur fallið niður skv. 2. mgr.
- 10.4 Til að ganga megi úr skugga um gildi váttryggingarinnar skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki eða eftir atvikum váttryggður sjá til þess að hraðamælir og kílómetramælir ökutækisins sé alltaf í lagi og tengdur.
- 10.5 Sé ökutækið selt á gildistíma váttryggingarinnar gildir hún einnig fyrir nýjan eiganda.

### 11. Ákvörðun greiðslu bóta og vextir.

- 11.1 Váttryggður skal að lokinni viðgerð vera jafnsettur fjárhagslega og hann var fyrir að teknu tilliti til aldurs, notkunar og ástands ökutækis.
- 11.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

### 12. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 12.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 12.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 12.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 13. Lög um váttryggingarsamninga.

- 13.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

### 14. Íhlutaskrá.

- 14.1 Félagið bætir samkvæmt skilmálum þessum brot eða bilun á þeim íhlutum sem taldir eru upp í 2. til 19. mgr. hér á eftir:
- 14.2 **Vél.** Strokklok, innri fóðringar, olíudæla, sveifarás og legur, undirlyftur, ventlar & stýringar (að undanskildum brenndum eða tærdum ventlum), stimplar og hringir, innra borð strokka/strokkslíf, stimpilstangir, deilidrif, startarahjól, kasthjól, flexplata, kambásdrifreimar, kambás og undirlyftur, strokklokspakkning, strokkstykki, sveifarássreimhjól, forþjappa/millikæliferfi, aftari aðalpakkning, vippuarmasamstæða, þrýstistangir, tímahjól, tímabelti og keðjur.
- 14.3 **Kúpling.** Höfuðdæla og strokkþræll, kúplingsbarki og fótstigssamstæða.
- 14.4 **Gírkassi** (beinskíptur, sjálfskíptur og yfírgír) Beinskípting: gírar, samhröðunarhjól og hringir, veljarar, snúningsásar, legur, drifkeðjur með gírstöngum og fóðringum. Sjálfskípting: snúningsvægisbreytar, hemlabönd, ventilstykki, gangráður (handvirkur og rafknúinn) olíudæla og pakkningar, drifkeðjur, gírar, olíupétti innöxuls, kúplingar, hjálparbúnaður og stilliventill, legur ásamt gírstöng og fóðringar. Yfírgír: gírar, snúningsásar og legur.
- 14.5 **Framhjóladrif.** Kambhjól og pinnjón, mismunadrif, fóðringar og legur, auk ytri drifskafta, kúplinga, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífa, nafir, drifflans og krosshjöruliðir.
- 14.6 **Afturöxull.** Kambhjól og pinnjón, mismunadrif, fóðringar og legur, auk ytri drifskafta, kúplinga, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífa, nafir, drifflans og krosshjöruliðir. Kambhjól og pinnjón, mismunadrif, snúningsásar, legur, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífar, olíupakkning og aftari nafir og drifflans.
- 14.7 **Fjögurra hjóla drif.** Mismunadrif að framan, mismunadrif milli öxla og læsing, aftara mismunadrif og læsing, legur og snúningsásar, kúplingar, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífar, nafir og drifflans.



## 240 Bílaábyrgð

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 14.8 **Drifskaft.** Drifskaft, krosshjöruliðir, drifskafsupphengja og olúþétti.
- 14.9 **Fjöðrunarbúnaður.** Demparar, efri og neðri klofspyrnur, fóðringar, gormar, kúlur, glussa-gas-fjöðrunareiningar og hjólalegur, sjálfjafnandi fjöðrunarbúnaður, geymir, dæla og þrýstijafnaraventill.
- 14.10 **Bremsukerfi.** Höfuðdæla; hjálparbúnaður fyrir bremsur, dísil sogdæla, diskabremsuklafi, hjóldælur, þrýstijafnari, ABS dæla og stýrieining. Þrýstiminnkunar- og jöfnunarventlar fyrir ABS, handbremsuvírar og tengingar, samstæða bremsufótstigs, sjálfstillandi búnaður, ABS nemar.
- 14.11 **Kælikerfi.** Vatnskassi, vatnslás, vatnsdæla, miðstöðvarelement, olúkælir vélar, vífta, vatnslásshús, hitamælir, rafeindastýribúnaður og stýritengingar.
- 14.12 **Stýribúnaður.** Tannstöng og pinjón, stýrisvél, stýrisupphengju, stýristúbuskaft, kúplingar, veltistýrisbúnaður, aflstýrieining að dælu meðtalinni, þrýstileiðslur og geymir.
- 14.13 **Eldsneytiskerfi.** Vél- og rafknúnar eldsneytisdælur, loftstremismælir, spíssar (einnig kælikerfi fyrir spíssa), sjálfvirkur eldsneytisloki, þrýstijafnari, nemar, spjaldhús, eldsneytismælir og mælibúnaður í eldsneytisgeymi.
- 14.14 **Dísil innspýtingarkerfi.** Hlutar og stýribúnaður í dísil innspýtingarkerfi, innspýtingardæla, spíssar, glóðarkerfi, rafsegulloki.
- 14.15 **Rafeindastýrð kveikja.** Allur samrásastýri- og ræsingarbúnaður sem er staðalbúnaður frá framleiðanda.
- 14.16 **Loftræsting.** Loftræstipjappa, þéttir, rafeindastýrieining, nemar, segulkúpling og ventlar, eimir og geymir, víftustýring og nemar.
- 14.17 **Rafbúnaður.** Innri bilun í startara, rafala, stillir, kveikja, rúðupurrkumótor framan og aftan, hitablástursmótor, kæliviftumótor, flautu, segulliða og mótor miðlæsingar, mótor fyrir rafdrifnar rúður og sóllúgu, mótor fyrir rafdrifna hliðarspegla og loftnet, mótor fyrir rúðusprautur framan og aftan, mótor til að stilla framljós, skriðstilli, leiðarstölvu, liða og aðalleiðslur, snúningshraðamæli, vatnskassakæliviftu, stefnuljósabúnaði.
- 14.18 **Hlífar.** Hlífar eru tryggðar svo fremi að þær hafi skemmst vegna bilunar tryggðs íhluta eða skemmdir á þeim séu afleiðing af skemmdum vegna bilunar í tryggðum íhlut.
- 14.19 **Olíuleki.** Skipti á þétti og pakkningum sem krefjast þess að fjarlægja þurfi vélina, gírkassann/drifið og drifsköft eða mismunadrif til að sinna viðgerðum.

### Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.